

Aðalfundur Klifurfélags Reykjavíkur

Salur C í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Dagskrá:

1. Framkvæmdastjóri setur fund og fer yfir dagskrá
2. Fundarstjóri tilnefndur
3. Ritari tilnefndur
4. Ársskýrsla lögð fram af framkvæmdastjóra og endurskoðaðir reikningar síðasta árs
5. Tillögur að lagabreytingum
6. Kjör formanns
7. Kjör tveggja meðstjórnenda
8. Kjör tveggja varamanna í stjórn
9. Kjör tveggja skoðunarmanna
10. Kjör nefndarmanns í Boltasjóðsnefnd
11. Önnur mál

Mættir eru 18 félagsmenn.

1. Framkvæmdastjóri setur fund og fer yfir dagskra

Benjamin Mokry framkvæmdastjóri Klifurfélags Reykjavíkur setur fundinn og fer yfir dagskrá aðalfundar.

2. Fundarstjóri tilnefndur

Ágústa Gunnarsdóttir er tilnefnd af stjórn sem fundastjóri og er tilnefningin samþykkt einróma af fundargestum.

3. Ritari tilnefndur

Þuríður Sóley Sigurðardóttir er tilnefnd af stjórn sem ritari og er tilnefningin samþykkt einróma af fundargestum.

4. Ársskýrsla lögð fram af framkvæmdastjóra og endurskoðaðir reikningar síðasta árs

Benjamin Mokry, framkvæmdastjóri Klifurfélags Reykjavíkur fer yfir ársskýrslu félagsins og leggur fram endurskoðaða reikninga ársins 2023. Skoðunarmenn hafa farið yfir reikninga fyrir fundinn og samþykkt þá.

Ársreikningurinn er samþykktur einróma af félagsmönnum.

5. Tillögur að lagabreytingum

Eftirfarandi tillögur að lagabreytingum voru lagðar fram:

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á lögum Klifurfélags Reykjavíkur:

6. Grein.

Starfstímabil félagsins miðast við aðalfund. Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember. Almennur félagsfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

Aðeins félagsmenn hafa þátttökurétt á almennum félagsfundi en allir geta orðið félagsmenn í félaginu. Félagsmenn eru þeir sem eiga gild æfingakort í Klifurhúsinu, undanskilið 10 tíma kort og mánaðarkort, eða hafa greitt félagsgjald. Á almennum félagsfundi gilda almenn **fundasköp** en stjórn félagsins skipar fundarstjóra. Atkvæði einfalds meirihluta fundarmanna ráða.

Almennan félagsfund skal halda a.m.k. einu sinni á ári í formi aðalfundar.

Stjórn félagsins getur boðað til almenns félagsfundar eftir því sem henta þykir. Boða skal til fundar með minnst tveggja vikna fyrirvara og mest fjögurra vikna fyrirvara með því að senda **bréfi** í almennum pósti til félagsmanna eða með öðrum sambærilegum hætti, svo sem á vef félagsins.

Ef fram kemur krafa um slíkt frá 1/5 hluta félagsmanna skal stjórn boða til almenns félagsfundar til umfjöllunar um tiltekið mál á sama hátt og boðað er til aðalfundar.

Eftirfarandi breytingar verði á 2. mgr. 6. gr. :

Félagsmenn 18 ára og eldri hafa kjörgengi til stjórnarstarfa, tillögurétt og málfrelsi á aðalfundi. Félagsmenn eru þau sem eiga gild æfingakort í Klifurhúsinu, **eru skráð á skipulagðar æfingar** eða greitt hafa félagsgjald. Öll geta orðið félagsmenn í félaginu. Á almennum félagsfundi gilda almenn fundarsköp en stjórn félagsins skipar fundarstjóra. Atkvæði einfalds meirihluta fundarmanna ráða.

Eftirfarandi breytingar verði á 4. mgr. 6. gr. :

Stjórn félagsins getur boðað til almenns félagsfundar eftir því sem henta þykir. Boða skal til fundar með minnst tveggja vikna fyrirvara og mest fjögurra vikna fyrirvara með því að senda bréf í almennum pósti til félagsmanna eða með öðrum sambærilegum hætti, svo sem **með auglýsingu á vef félagsins. Aðalfundur telst lögmætur ef löglega er til hans boðað.**

Á eftir 8. gr laganna kemur ný grein, 9. gr. svohljóðandi:

Verði félagið lagt niður skuli eignir þess ganga til Íþróttabandalags Reykjavíkur til varðveislu. Eignir skulu þá afhentar að nýju til félags er stofnað yrði með hliðstæðum markmiðum.

9. gr. gildandi laga verður því 10. gr. nái breytingarnar fram að ganga. En engin efnisleg breyting verður á orðalagi ákvæðisins kjölfarið.

Breyting á 2. mgr. 6. gr. var samþykkt einróma af félagsmönnum.

Breyting á 4. mgr. 6. gr. var samþykkt einróma af félagsmönnum.

Viðbót á 9. gr. var samþykkt einróma af félagsmönnum.

6. Kjör formanns

Hilmar Ingimundarson býður sig fram til áframhaldandi setu. Engin mótframboð bárust og því er hann sjálfkjörinn.

6. Kjör tveggja meðstjórnenda

Marinó Eggertsson býður sig fram til áframhaldandi setu og Þorgerður Þórólfsdóttir býður sig fram í sætið sem losnar. Engin mótframboð bárust og því eru þau sjálfkjörin.

7. Kjör tveggja varamanna í stjórn

Af tveimur varamönnum síðasta starfsárs bíður Emil Bjartur Sigurjónsson sig aftur fram sem varamaður en Anita Sigurbjörg Ásmundsdóttir bíður sig ekki fram að nýju.

Jóhann Haraldsson bíður sig fram með Emil og þar sem aðeins tvö framboð bárust í tvö varamannasæti eru þeir sjálfkjörin í stjórn.

8. Kjör tveggja skoðunarmanna

Bjarnheiður Kristinsdóttir býður sig fram til að vera áfram skoðunarmaður reikninga hjá félaginu ásamt því að Jóhann Haraldsson kemur nýr inn. Framboð þeirra eru samþykkt einhljóma.

9. Kjör nefndarmanns í Boltasjóðsnefnd

Björn Baldursson og Jón viðar voru tilnefndir sem nefndarmenn í Boltasjóðsnefnd og er það samþykkt einhljóma af fundargestum og stjórn.

10. Önnur mál

Tillaga er lögð fram að haldin sé hugaflæðisfundur með iðkendum varðandi nýtingu á aðstöðu KFR og breytingar á skipulagi ef svo ber að.

Lagt er til að stjórn KFR fari yfir reglur um Boltasjóð og skoði að fjölga nefndarsætum.

Tillaga er lögð fram að línuklifurveggurinn í Á23 verði að sprengt vegg og er mjög vel tekið í þá hugmynd af fundargestum.

Fundi slitið kl. 20:36

Fundarritari: Þuríður Sóley Sigurðardóttir